



2. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN 30. OKTÓBER 2015 Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ Í REYKJAVÍK

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðaði: Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. FUNDUR SETTUR KL. 17:00.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.
Stjórnarmenn kynntu sig og störf sín innan hreyfingarinnar.

2. VERKASKIPTING STJÓRNAR

Formaður bar upp tillögu um skipan embætta innan stjórnar.

Varaformaður: Örn Guðnason. Samþykkt.

Ritari: Hrönn Jónsdóttir. Samþykkt.

Gjaldkeri: Helga Jóhannesdóttir. Samþykkt.

Dregið um röð varamanna.

1. Þorgeir Örn Tryggvason

2. Kristinn Óskar Grétuson

3. Sigurður Óskar Jónsson.

4. Guðmundur Sigurbergsson.

Formaður bar upp tillögu um skipan framkvæmdastjórnar.

Örn Guðnason, formaður, Hrönn Jónsdóttir og Helga Jóhannesdóttir. Varamaður:

Haukur Valtýsson.

Samþykkt samhljóða.

HrJ tók við fundarritun

HV fór yfir gögn sem stjórnarmönnum voru afhend s.s siðareglur fyrir ungmennafélagshreyfinguna, starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjórnar og fleiri almennar upplýsingar fyrir stjórnarfólk.

GG og ÞÖT komu inn á fundinn kl. 17:30

AIP fór yfir starfsemi í þjónustumiðstöð UMFÍ og starfsfólk.

BGB kom inn á fund kl. 17:50

3. Þrastalundur

AIP fór yfir þróun mála við sölu á Þrastalundi. Framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn falið, í samráði við lögfræðinga UMFÍ, að reikna upp kröfu UMFÍ og leita samkomulags við kaupanda.

HeJ vék af fundi kl. 18:00

ÞÖT vék af fundi kl. 18:30

4. Auglýsing um tillögur að viðurkenningum frá Æskulýðsráði Ríkisins
Framkvæmdastjóra falið að safna saman tilnefningum stjórnar- og starfsfólks.

5. Tillögur frá 49. sambandsþingi UMFÍ

Þjónustumiðstöð falið að afgreiða samþykktar tillögur númer 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13, 15, 21, 22, 23, 24, 27 og 36.

Þjónustumiðstöð falið að senda ípróttabandalögum afgreiðslu þings á tillögum nr. 17 og nr. 19 sem fjallar um inngöngu ípróttabandalaga í UMFÍ.

Stjórn vinnur að tillögu 30.

Umhverfisnefnd ásamt stjórn falið að kynna umhverfisstefnu og aðstoða við innleiðingu hennar.

Samþykkt að skipa vinnuhóp vegna tillögu 34, sem fjallar um að yfirfara og endurskoða reglugerð um unglingslandsmót UMFÍ.

Starfsfólki falið að uppfæra lög og reglugerðir í samræmi við samþykktir þingsins. Aðrar tillögur bíða afgreiðslu næsta stjórnarfundar.

6. NEFNDIR

Samþykkt að framkvæmdastjóri hafi samband við sambandsaðila og óski eftir áhugasömu fólki til starfa í nefndum UMFÍ og berist ábendingar fyrir næsta stjórnarfund.

7. ÁRSÁÆTLUN

Framkvæmdastjórn falið að vinna að ársáætlun stjórnar.

8. ÖNNUR MÁL

- a. Bætur vegna samkomutjalds, að upphæð 5.000.000. kr, hafa verið greiddar af tryggingafélagi.
- b. Greiðsla hefur borist vegna uppgjors á þrotabúi VBS að upphæð 6.300.000. kr. Uppgjöri er ekki að fullu lokið.
- c. Samþykkt að UMFÍ í samvinnu við ÍSÍ sækji um styrk til MMRN vegna Ánægjuvogarinnar.
- d. Samþykkt að taka þátt í þróun á gönguverkefninu Wappið.
- e. Framkvæmdastjóra falið að skoða hvaða möguleikar eru í boði varðandi vörslu á myndasafni UMFÍ.
- f. Bílamál hreyfingarinnar rædd, AIP falið að vinna málið áfram og leggja fram tillögu á næsta stjórnarfund.
- g. Framkvæmdastjóra falið að þrýsta á vinnuhópa vegna stefnumótunnar að skila af sér lokaskýrslum.

Næsti fundur er áætlaður 4. desember 2015 kl. 16:00

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.20:40
ÖG og HrJ rituðu fundargerð.